

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/775****2021/EES/34/04****frá 28. maí 2018****um reglur um beitingu 3. mgr. 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar reglur um tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað megininnihaldsefnis matvæla (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda <sup>(1)</sup>, einkum 8. mgr. 26. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 eru fastsettar almennar reglur og kröfur varðandi tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað matvæla sem gilda með fyrirvara um sértæk ákvæði Sambandsins.
- 2) Í a-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 er gerð krafa um tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað þegar skortur á slíkri tilgreiningu getur villt um fyrir neytendum að því er varðar rétt upprunaland eða upprunastað endanlegra matvæla sem um er að ræða, einkum ef upplýsingarnar sem fylgja matvælunum eða merkimiðinn í heild myndi annars gefa í skyn að matvælin séu upprunnin í öðru landi eða á öðrum stað. Þessari grein er ætlað að koma í veg fyrir misvísandi upplýsingar um matvæli sem gefa ákveðinn uppruna matvæla í skyn þegar hinn sanni uppruni er í raun annar.
- 3) Í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 er kveðið á um að þegar upprunaland eða upprunastaður matvæla er gefinn upp en uppruni megininnihaldsefnisins er ekki sá sami skuli einnig gefa upp upprunaland eða upprunastað megininnihaldsefnisins, sem um ræðir, eða tilgreina að það sé ekki það sama og fyrir matvælin. Þar kemur einnig fram að beiting þessarar kröfu skuli vera með fyrirvara um samþykki framkvæmdargerðar.
- 4) Í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 er fjallað um tilvik þar sem skylt er að tilgreina upprunaland eða upprunastað í samræmi við a-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar eða tilgreina þau að eigin frumkvæði með hvers kyns tilgreiningu, s.s. yfirlýsingum, orðum, lýsingu í myndum eða táknum.
- 5) Tilgreiningar að eigin frumkvæði, t.d. landfræðilegar yfirlýsingar sem eru hluti af eða fylgja með heiti matvæla, geta einnig verið hluti af vörumerkingu sem er varin sem vernduð, landfræðileg merking eða vörumerki samkvæmt tiltekinni löggjöf ESB.
- 6) Tilgreiningar á upprunalandi eða upprunastað matvæla sem eru hluti af vörumerkingum sem njóta verndar sem verndaðar, landfræðilegar merkingar samkvæmt reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 <sup>(2)</sup>, (ESB) nr. 1308/2013 <sup>(3)</sup>, (EB) nr. 110/2008 <sup>(4)</sup> eða (ESB) nr. 251/2014 <sup>(5)</sup>, eða verndar samkvæmt alþjóðasamningum, falla undir gildissvið 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011. Í ljósi þess að eðlislæg tengsl eru á milli einkenna framleiðsluvara og landfræðilegs uppruna fyrir þessar vörur, að þær lúta sértækum reglum, þ.m.t. reglum um merkingar, og að teknu tilliti til sérstakra eiginleika þessara heita sem hugverkaréttinda, er nauðsynlegt að rannsaka frekar hvernig

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 131, 29.5.2018, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á IL viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1151/2012 frá 21. nóvember 2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtið. ESB L 343, 14.12.2012, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínaforðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (Stjtið. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14).

tilgreina skuli uppruna megininnihaldsefnisins sem kveðið er á um í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 fyrir fyrrnefnd heiti.

- 7) Tilgreiningar á upprunalandi eða upprunastað matvæla sem eru hluti af skráðu vörumerki heyra undir gildissvið 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011. Vörumerki geta verið hvers konar tákni, einkum orð, þ.m.t. mannanöfn, mynstur, bók- eða tölustafir, litir, lögun vöru eða vöruumbúða, eða hljóð, svo fremi að slík merki ljái vörum eða þjónustu eins fyrirtækis ákveðin einkenni. Markmiðið með vörumerkjum er að gera neytendum kleift að greina tiltekinn viðskiptalegan uppruna eða verslunaruppruna í tengslum við tilteknar vörur og/eða þjónustu. Að teknu tilliti til sérstakra eiginleika og markmiða vörumerkja þykir rétt að rannsaka frekar hvernig tilgreina ætti uppruna megininnihaldsefnisins sem kveðið er á um í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 þegar þess er krafist í vörumerkjum.
- 8) Venjubundin heiti og samheiti sem innihalda landfræðileg heiti sem bókstaflega tilgreina uppruna en sem eru almennt skilin þannig að þau tilgreini ekki upprunaland eða upprunastað matvælna ættu ekki að falla undir þessa reglugerð.
- 9) Að því er varðar þessa reglugerð ætti ekki að líta á auðkennismerki sem fylgja matvælum, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 <sup>(1)</sup> um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, sem tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað.
- 10) Til að gera neytendum kleift að vera betur upplýstir við ákvarðanatöku er nauðsynlegt, með þessari reglugerð, að setja sértækar reglur sem ættu að gilda þegar upprunaland eða upprunastaður megininnihaldsefnisins er tilgreindur. Þessar reglur skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu nægilega nákvæmar og þýðingarmiklar.
- 11) Því er rétt að slík tilgreining á megininnihaldsefni sé sett fram með tilvísun í landfræðilegt svæði sem ætti að vera auðskilin neytendum. Notkun sérheita yfir svæði eða önnur landfræðileg svæði sem eru ekki merkingarbærar upplýsingar eða sem gætu villt um fyrir neytendum að því er varðar réttan upprunastað megininnihaldsefnisins ætti að vera bönnuð.
- 12) Ef megininnihaldsefni er matvæli sem fellur undir sértæk ákvæði Sambandsins um tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað er einnig hægt að nota þessi ákvæði að því er varðar a-lið 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011.
- 13) Ef stjórnandi matvælafyrirtækis velur að tilgreina einungis að upprunaland eða upprunastaður megininnihaldsefnisins sé annað en matvælna, til dæmis vegna margra eða mismunandi birgðalinda og tiltekinna framleiðsluáferða, þykir rétt að kveða á um ramma þar sem tekið er tillit til mismunandi aðstæðna við matvælavinnsluna. Viðkomandi tilgreining ætti að tryggja að neytandinn fái skiljanlegar upplýsingar.
- 14) Upplýsingarnar, sem veittar eru að því er varðar megininnihaldsefni í samræmi við þessa reglugerð, ættu að bæta við upplýsingar sem veittar eru neytendum um upprunaland eða upprunastað matvælna og ættu að vera auðsjáanlegar og auðlæsilegar og, þegar við á, óafmáanlegar.
- 15) Ákvarða ætti viðeigandi umbreytingartímabil til beitingar þessarar reglugerðar í samræmi við 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 þar sem þess er krafist að nýjar ráðstafanir á sviði matvælaupplýsinga ættu að gilda frá og með 1. apríl á gefnu almanaksári.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

#### Gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um fyrirkomulag við beitingu 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 þar sem upprunaland eða upprunastaður matvæla er gefinn upp með einhverjum hætti, s.s. með yfirlýsingum, lýsingu í myndum, táknum eða orðum sem vísa til staða eða landfræðilegra svæða, að frátöldum landfræðilegum hugtökum sem eru hluti af venjubundnum heitum og samheitum þar sem þessi hugtök tilgreina bókstaflega uppruna en eru almennt skilin þannig að þau tilgreini ekki upprunaland eða upprunastað.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

2. Þessi reglugerð skal ekki gilda um landfræðilegar merkingar sem njóta verndar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1151/2012, reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, reglugerð (EB) nr. 110/2008 eða reglugerð (ESB) nr. 251/2014, eða verndar samkvæmt alþjóðasamningum, né heldur um skráð vörumerki þar sem þau síðarnefndu teljast vera tilgreining á uppruna, meðan beðið er samþykktar á sértækum reglum varðandi beitingu 3. mgr. 26. gr. á slíkar tilgreiningar.

2. gr.

### Tilgreining á upprunalandi eða upprunastað megininnihaldsefnis

Tilgreina skal upprunaland eða upprunastað megininnihaldsefnis sem er ekki sá sami og tilgreint upprunaland eða tilgreindur upprunastaður matvællanna:

- a) með tilvísun í eitt af eftirtöldum landfræðilegum svæðum:
  - i. „ESB“, „utan ESB“ eða „ESB og utan ESB“, eða
  - ii. svæði eða annað landfræðilegt svæði, annað hvort innan nokkurra aðildarríkja eða innan þriðju lands, ef þau eru skilgreind sem slík samkvæmt þjóðarétti eða auðskilin meðalneytanda sem er í meðallagi upplýstur, eða
  - iii. fiskveiðisvæði Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP eða hafsvæði eða ferskvatnssvæði, ef þau eru skilgreind sem slík samkvæmt alþjóðalögum eða auðskilin meðalneytanda sem er í meðallagi upplýstur, eða
  - iv. aðildarríki eða þriðju lönd, eða
  - v. svæði eða annað landfræðilegt svæði innan aðildarríkis eða innan þriðja lands, sem eru auðskilin meðalneytanda sem er í meðallagi upplýstur, eða
  - vi. upprunaland eða upprunastaður, í samræmi við sértæk ákvæði Sambandsins sem eiga við um megininnihaldsefnið eða -efnin sem slík,
- b) eða með yfirlýsingu sem hér segir:

„(heiti megininnihaldsefnis) er/eru ekki upprunnið/upprunnin í (upprunaland eða upprunastaður matvællanna)“ eða svipað orðalag sem líklegt er að hafi sömu merkingu fyrir neytandanum.

3. gr.

### Framsetning upplýsinganna

1. Upplýsingar sem veittar eru skv. 2. gr. skulu veittar með leturstærð sem er ekki minni en lágmarksleturstærðin sem krafist er í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011.
2. Með fyrirvara um 1. mgr., ef upprunaland eða upprunastaður matvæla er tilgreindur með orðum, skulu upplýsingarnar sem veittar eru skv. 2. gr. birtast á sama sjónsviði og tilgreining á upprunalandi eða upprunastað matvællanna og með leturstærð með x-hæð sem er a.m.k. 75% af x-hæð tilgreiningar á upprunalandi eða upprunastað matvællanna.
3. Með fyrirvara um 1. mgr., ef upprunaland eða upprunastaður matvæla er ekki tilgreindur í orðum, ættu upplýsingarnar sem veittar eru samkvæmt 2. gr. að birtast á sama sjónsviði og tilgreining á upprunalandi eða upprunastað matvællanna.

4. gr.

### Gildistaka, dagurinn þegar gerðin kemur til framkvæmda og umbreytingarráðstafanir

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2020.

Matvæli, sem sett eru á markað eða merkt fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, má setja á markað þar til birgðirnar eru uppnar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-CLAUDE JUNCKER

*forseti.*

---